Ársfundur foreldrafélags Árskóla

veturinn 2026-27

Fundur settur 22. september 2026 kl 17:30 í matsal Árskóla

Formaður með yfirlit síðasta vetrar:

- Dansmaraþon bolir fyrir 1.-4.bekk. Mikilvægt fyrir krakkana til að halda jafnræði og koma í veg fyrir mismunun og einelti.
- Niðurgreiðsla fyrir leikrit LS og 10. bekkjar, fór fram úr öllum væntingum og met þátttaka. Þurfum að endurskoða hvernig við höfum fjármagn til að standa undir þessum lið.
- Öskudagsskemmtun tókst vel og vorum við með 6 tunnur að þessu sinni, sér tunna fyrir 1.-4. bekk og svo ein fyrir 5.-6. bekk og svo að lokum fyrir 7.-9. bekk. Mikil þátttaka og mikið fjör. 10. bekkur stóð sig vel að aðstoða okkur við framkvæmdina.
- Fjármál barna, námskeið fyrir foreldra í samstarfi við Farskólann var vel sótt.
- Bekkjarmyndir 4. og 7. bekkjar tókst mjög vel og ákveðið að halda þessu áfram. Mikil ánægja foreldra og barna með þetta framtak.
- Sýnileiki foreldra sem eru með íslensku sem annað tungumál, eigum enn erfitt með að ná til þeirra. Allar auglýsingar sendar út á íslensku og ensku en virðist ekki duga til.
- Fjármálastaða og hvað skal gera? Vegna mikillar aðsóknar í leikhús og lélegrar innheimtu á félagasgjöldum er félagið í mínus.

Farið yfir ársreikning, sjá viðhengi.

Öskudagsskemmtun, ákveðið að halda henni áfram líkt og fyrri ár.

Maraþonbolir, verða áfram í boði fyrir 1.-4. bekk.

Niðurgreiðsla á leikrit, verðum að setja fyrirvara á leiksýningu LS, ekki til fjármagn fyrir niðurgreiðslu. Ætlum að ath hvort við getum fengið fjárstuðning áður en sýningar hefjast annars verður ekki niðurgreiðsla þetta árið. Stefnum á að gera pakkatilboð á sýningu 10. bekkjar.

Námskeiðsgjald Farskólans, þetta verður einnig að skýrast eftir hvernig innheimtur af félagsgjöldum verða í vetur.

Sýnileiki foreldra sem eru með íslensku með annað tungumál, halda áfram að senda út auglýsingar á ensku og setja inn á fb síður foreldra.

Önnur mál, Lagt til að hækka félagsgjöld í 3500 kr. og það samþykkt.

Félagið sendi frá sér ályktun til Sveitastjórnar þar sem hún var hvött til þess að setja snjómokstur gangstétta í forgang svo þeir sem eru hjólandi eða fótgangandi hafi kost á því sem best. Sérstaklega í ljósi styttingar á aksturstíma skólarútu.

Okkur þykir synd hve fáir hafi mætt á fund og sýnt þannig takmarkaðan áhuga á málefnum barna sinna þrátt fyrir góða kynningu og tölvupósta um efnið. Einnig í ljósi þess að fundurinn var kynntur vel á öllum þeim bekkjarfundum sem þegar hafa verið haldnir. Er það okkar von að næsti fundur verði betur sóttur. Ef einhver hefur málefni sem hann vill ræða við nýja stjórn er hægt að hafa samband á foreldrafelagarskola@gmail.com.

Kosið í nýja stjórn:

Formaður- Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir

Gjaldkeri- Hilma Eiðsdóttir

Einar Bessi Þórólfsson

Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir

Ragndís Hilmarsdóttir

Sonja Petra Stefánsdóttir

Fulltrúar Skólaráðs:

Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir og Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir